

Nr. 19-138 S 082 Digranes NS 124***Stjórnlaus á reki og strandar við Langanes***

Skipaskr.nr. 2650
 Útgerð: Marinó Jónsson ehf.
 Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast
 Stærð: 11,29 brl. 14,84 bt.
 Mesta lengd: 12,43 m Skráð lengd: 11,33 m
 Breidd: 3,73 m Dýpt: 1,46 m
 Vél: Yanmar, 368 kw, 2008.
 Fjöldi skipverja: 2



Digranes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA
 Lögregluskýrsla


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 6. apríl 2020 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. september 2019 var Digranes NS 124 á reki við Langanes. Veður: NV 4-5 m/sek.

Digranes fór frá Bakkafirði að morgni 9. september og var fyrst við veiðar út af Langanesi. Vegna lélegra aflabragða og myrkurs var ákveðið að sigla inn með nesinu og láta reka til morguns. Samkvæmt ferilskráningu Vaktstöðvar siglinga (VSS) var báturinn á reki frá því um kl. 21:30 en hann strandaði um kl. 00:00 á stað, 66°20.134'N og 14°43.758'V (mynd 1).




Mynd 1 Ferilskráning Digraness frá VSS og strandstaður



Mynd 2 Ferill Digraness frá því að farið var úr höfn á Bakkafirði

Skipverjarnir vöknudu við að báturinn tók niðri og reyndu að snúa honum frá með hliðarskrúfu og aðalvél en við það tók skrúfan niðri og stöðvaðist. Digranes skorðaðist fast í fjörunni og skipverjar fóru í björgunarbúninga.

Haft var samband við VSS kl. 00:09 á VHF rás 16 og tilkynnt um ástandið. Var óskað eftir aðstoð. VSS sendi út Mayday-relay auk þess að kalla út þyrlu Landhelgisgæslunnar (LHG), björgunarsveitir á svæðinu og björgunarskipin frá Raufarhöfn og Vopnafirði. Harðbotna björgunarbátur fór einnig frá Bakkafirði.



Mynd 3 Digranes á strandstað séð frá klettabrún

Kl. 01:04 kom Háey II ÞH 275 á staðinn en komst ekki nálægt strandstað vegna stórgrýtis. Ekki var talið mögulegt á að setja taug í Digranes og draga það af strandstað við þessar aðstæður.

Um kl. 01:55 skoðaði björgunarsveit möguleika á því að komast niður bjargið (50-60m) en það var talið ófært.

TF-EIR þyrta LHG var boðuð út kl. 00:10 og fór hún í loftið kl. 00:49. Var þyrta komin á strandstað 02:35 en þar sem Digranes var svo nálægt bjarginu þurfti þyrta að athafna sig í 150-300 feta hæð. Kl. 02:49 voru báðir skipverjarnir komnir um borð í þyrta og var lent með þá á Akureyri kl. 03:55.



Mynd 4 Skipverjar hífðir um borð í TF-EIR

Digranes eyðilagðist í fjörunni en aðeins tókst að bjarga handfærarúllum úr bátnum.

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt ferilskráningu VSS var meðalrekhraði Digraness frá kl. 21:50 til 00:00 u.þ.b. 0,37 hnútar og stefnan ávallt til norðvesturs;
- að skipstjórinn kvaðst hafa kynnt sér veður, sjólag og straumupplýsingar fyrir svæðið og niðurstaða hans var að straumstefna ætti að vera um 175° frá kl. 22:00 til 04:00. Fram kom hjá honum að á þessum tíma rak bátinn í 195°;
- að samkvæmt ferilskráningu VSS var Digranes á reki til suðurs frá um kl. 21:25 til 21:45 en eftir það fyrst til norðausturs og síðan norðvesturs eins og áður segir;
- að skipstjórinn sagði að þeir hefðu komið til hafnar um kl. 23:00 þann 8. september og skipverjar hvílst frá þeim tíma til um kl. 07:00 morguninn eftir. Þeir hefðu þá landað og farið síðan aftur á sjó. Samkvæmt því höfðu þeir vakað í u.þ.b. 15 klst. þegar þeir lögðu sig;

- að skipstjórinn kvaðst hafa gert ráðstafanir til að athuga með rekið og stillt vekjara á kl. 00:30. Einnig kom fram að hann hefði ætlað að fullvissa sig um að rekið væri rétt nokkru eftir að hann hefði lagst í hvílu en sofnað áður;
- að þegar skipverjarnir fóru að sofa var aðalvél í gangi og öll helstu siglingartæki. Í siglingatækjunum var aðvörunarbúnaður en hann var ekki notaður;
- að þegar báturinn var settur á rek var hann u.þ.b. 0,6 sml frá landi og á um 20 faðma dýpi að talið var;
- að akkeri var um borð og nógu löng lína fyrir legufæri við þessar aðstæður en ekki kom til álita að nota það á þessum tíma;
- að hásetinn var ekki lögskráður um borð heldur annar maður í hans stað þar sem öryggisfræðsla hásetans var útrunnin;
- að um borð voru 7-800 l af olíu, 6-700 kg af afla og um 2.100 kg af veiðarfærum (um 2.000 kg lína og 100 kg handfærarúllur).

Nefndarálit:

Orsök strandsins var að stjórnandi bátsins var sofandi og hafði ekki tryggt vakt meðan verið var á reki svo nálægt landi.

Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við ranga lögskráningu.